



Myndir úr kvikmyndunum Hundur Houdinis (Noregur), Foreldrafundur (Svíþjóð), Litli vinurinn (Danmörk) og Sirkka (Finnland).

Norrænar stuttmyndir brúa bil milli tungumála

Í vetur munu 25.000 nemendur á öllum Norðurlöndunum læra að skilja betur tungumál hver annars. Verkefnið Norðurlöndin í Bíó verður í ár kynnt fyrir 10-12 ára nemendum og er þemað Uppvaxtarárin. Með hjálp góðra kvikmynda eflist tungumálakennsla grannþjóðanna á Norðurlöndum. Þetta samnorræna áttak er m.a. styrkt af Norrænu ráðherranefndinni og skandinavísku kvikmyndastofnunum.

Samband Norrænu félaganna (FNF) og Norrænu upplýsingaskrifstofunnar standa að verkefninu Norðurlöndin í bíó með útgáfu mynddísks (DVD), sem á eru fimm norræna stuttmyndir. Að auki býðst kennurum nýtt kennsluefni með leiðbeiningum. Markmiðið er að námsefnið nýtist nemendum í 5.- 8. bekk á öllum Norðurlöndunum.

Námsefnið er pantað á heimasíðunni www.nordenibio.org. Þar er að finna kennsluefni, leiðbeiningar og samtalslista sem hægt er að hlaða niður. Þar eru einnig spjallþræðir þ.s. nemendur og kennarar hafa möguleika á að skiptast á skoðunum um tungumál og kvikmyndir sem tengjast verkefninu.

Þema skólaársins 2007/2008 er **Uppvaxtarárin**, en kvikmyndirnar koma m.a. inn á efni eins og stríðni, ást og vináttu. Eftirfarandi fimm norrænar stuttmyndir erum með í Norðurlöndunum í bíó:

- *Hundur Houdinis* (Sara Johnsen, Norge 2003)
- *Foreldrafundur* (Björn Carlström, Stefan Thunberg, Sverige 2003)
- *Litli vinurinn* (Esben Tønnesen, Danmark 2006)
- *Sirkka* (P.V. Lehtinen, Finnland 2001)
- *Danskeppnin* (Egill Eðvarðsson, Island 2005)

Allar kvikmyndirnar eru textaðar á finnsku, sænsku, dönsku, norsku og íslensku. Mynddiskurinn (DVD) gerir kennurum mögulegt að velja þann skjátexta sem við á í kennslunni.

Á heimasíðunni eru að finna sérstakar greinar um norrænan tungumálaskilning eftir m.a. **Jens Cramer** hjá Norrænu stofnuninni í Árósum. Tungumálakennsla er miðpunktur verkefnisins, en því er einnig ætlað að auka áhuga á norrænum kvikmyndum, norrænni menningu, sögu og því sem er líkt og skilur að Norðurlandþjóðirnar.

Bakgrunnur

Kennsla í norrænum tungumálum hefur almennt verið á undanhaldi á Norðurlöndunum. Viðamikil tungumálarannsókn Norræna menningarsjóðsins um norrænan málskilning frá árinu 2005 leiddi í ljós að helmingur þeirra framhaldsskólanemenda sem þátt tóku, sögðu að þeir hefðu enga kennslu fengið í öðrum norrænum tungumálum, hvorki í grunnskólanum né framhaldsskólanum.

Staðreyndir um Samband Norrænu félaganna.

Samband norrænu félaganna (FNF) samræmir starf Norrænu félaganna á öllum Norðurlöndunum og á sjálfstjórnarsvæðunum og vinnur að því að efla norrænt samstarf á mörgum sviðum s.s. menningu og menntun. Fáid fleiri upplýsingar á heimasíðu Sambands Norrænu félaganna www.fnf.se. Framkvæmdastjóri Sambands Norrænu félaganna er Kristín Ólafsdóttir (ko@norden.se)